**Nd.** **337. Breytingartillaga** [111. mál]

við frv. til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Aftan við frv. bætist:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir ríkisstarfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til biðreiknings þess, sem stofnaður var 26. sept. 1974, fyrir gildistöku laga þessara og greiða nú iðgjöld í lögbundna lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eiga þess kost, ef þeir óska, að fá iðgjöld sín vegna starfa í þjónustu ríkisins flutt úr biðreikningnum til lögbundinna lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins.

Sama gildir þótt þeir ríkisstarfsmenn, er um ræðir í 1. mgr., öðlist ekki aðild að lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna fyrr en á árinu 1981.